

20. júní 2013

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9 mál/2013

Efnslega felur þingsályktunartillagan í sér að að hleypt verði af stokkunum athugunum á 9 atriðum eða áformum sem að mati ríkisstjórnarinnar gætu orðið til þess að létta skuldavanda heimila með beinum eða óbeinum hætti. Þá er í lokalið (10.) lið þingsályktunarinnar fjallað um áform um að auka heimildir Hagstofu Íslands til þess að safna persónugreindum gögnum um fjárhagstöðu heimila (og fyrirtækja) til þess auðvelda greiningu á skuldabyrði, greiðslubyrði og hugsanlegum greiðsluvanda heimila og fyrirtækja. Þegar hefur verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og munu Samtök fjármálafyrirtækja gera grein fyrir sínum sjónarmiðum í athugasemdum við það frumvarp.

Mörg af atriðunum 9 í þingsályktuninni snerta hagsmuni fjármálafyrirtækja með beinum eða óbeinum hætti. Ekkert kemur fram í þingsályktuninni með hvaða hætti samráð verður við þau haft um athuganir og greiningu á gagnsemi, kostum og göllum þessar hugmynda. Samtök fjármálafyrirtækja leggja áherslu á að sem best samráð eða samstarf verði haft við fjármálafyrirtækin við þessar athuganir og lýsa sig reiðubúinn til slíks samstarfs. Mikil reynsla og þekking hefur myndast hjá fjármálafyrirtækjum á undanförunum árum í glímuni við þann greiðslu- og skuldavanda sem myndaðist í kjölfar efnahagshrunsins og gæti hún reynst gagnleg við þær athuganir sem áformaðar eru samkvæmt þingsályktuninni.

Á þessu stigi máls telja Samtök fjármálafyrirtækja almennt ekki tilefni til að gera athugasemdir við einstaka þætti þingsályktunarinnar. Þó vilja þau lýsa áhyggjum sínum af 8. lið tillögunnar þar sem lagt er til að á fjármálafyrirtæki verði lagt gjald „vegna umtalsverðra tafa við á endurútreikningi lána“, er þar væntanlega átt við gengislán. Þær „tafir“ sem orðið hafa á endurútreikningi gengislána stafa að mati Samtaka fjármálafyrirtækja af því að lagaleg óvissa hefur verið um hvaða gengisskuldbindingar eru ólögmet verðtrygging og hverjar ekki og hvernig staðið skuli að endurútreikningi. Á undanförunum misserum hafa fallið misvísandi dómar um þetta efni sem staðfesta að fullt efni var til þess að leita til dómstóla. Hætt er við að verði slíkt ákvæði sett í lög geti það þrengt að rétti fjármálafyrirtækja að bera ágreining um gengistryggð lán undir dómstóla.

Samtök fjármálafyrirtækja áréttu að úrvinnsla mála hefur jafnan tekið stuttan tíma þegar óvissu um hvaða lán eru gengistryggð og hvernig eigi að endurreikna þau hefur verið eytt og í raun hefur starfsfólk fjármálafyrirtækja lagt á sig gríðarlega vinnu við endurútreikninga á

undanförnum misserum.

Að lokum er rétt á áréttu að af lögmætisreglu stjórnábylguréttar leiðir að refsikennd gjöld eða sektir verða ekki lögð á nema á grundvelli skýrar lagaheimildar. Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja uppfylla matskennt atriði, svo sem „umtalsverðar tafir við endurútreikning“ ekki framangreindar skýrleikakröfur og eru því ekki raunhæfur grundvöllur til gjaldtöku.

Meðfylgjandi er minnisblað sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa tekið saman til yfirlits um þær margvíslegu aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna skulda- og greiðsluvanda heimila, auk endurútreiknings gengislána. Þá vilja Samtök fjármálafyrirtækja minna á skýrslu um kosti og galla verðtryggingar sem óháðir sérfræðingar tóku saman á síðasta á ári fyrir Samtökin.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF